

## REGLUGERÐ

### um greiðslu læknishjálpar við glasafrjógungun erlendis.

#### 1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna glasafrjógungunar íslenskra para erlendis, sem ekki fæst hér á landi, með sama hætti og segir í 35. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, enda séu uppfyllt almenn skilyrði 3. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógungun.

#### 2. gr.

Glasafrjógungun skv. reglugerð þessari varðar þau tilvik, þar sem kynfrumur parsins eru notaðar til tæknifrjógungunar og þau tilvik þar sem notkun gjafakynfrumu er heimil skv. 6. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógungun.

#### 3. gr.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í glasafrjógungunar-meðferð samkvæmt reglum þessum. Sjúkratryggingadeild er heimilt að taka þátt í kostnaði sem til hefur verið stofnað eftir 1. júní 1996 vegna slíkrar lækniþjónustu erlendis.

#### 4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að gera samning við erlenda stofnun, sem að mati siglinganefndar skv. 35. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar er fær um að veita þessa lækniþjónustu, þar til fullnægjandi aðstaða verður sköpuð til þess hér á landi.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 35. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 218/1987, um greiðslu læknishjálpar við glasafrjógungun erlendis.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. mars 1998.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag þjónustumiðstöðvar í Vaglaskógi, Hálshreppi.

Hreppsnefnd Hálshrepps hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkt deiliskipulag þjónustumiðstöðvar í Vaglaskógi, Hálshreppi, þann 3. mars 1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Illugastöðum, 31. mars 1998.*

F. h. hreppsnefndar Hálshrepps,

**Jón Þ. Óskarsson** oddviti.